Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Niðurjöfnun útsvara 1908-1910

Aðfnr. 1284 2/2, örk 5


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Til bæjarstjórnar í Rvík.

Njr. 9. jan. 1910.

Á fundi nefndarinnar, er haldinn var 8. þ. m., voru athuguð erindi frá nokkrum gjaldendum með beiðni um uppgjöf eða lækkun útsvars þeirra árið 1909, en þessum erindum ~~hefir~~ hafði bæjarstjórn skotið til nefndarinnar til umsagnar.

1. Einar Jónsson, lausm. frá Núpstað (nú hjá Hans pósti) beiðist þess, að útsvar sitt 1909 verði felt burt, þar sem hann hafi að eins „verið hér nokkra mánuði úr vetrinum". Nefndinni er kunnugt, að maður þessi hefir verið hér í bænum alt árið eða því sem næst og hafa alla atvinnu sína hér, enda hefir hann með engu skilríki sýnt, að hann hafi greitt útsvar í ~~þeim~~ Hörgslands hreppi, þar sem hann kveðst hafa heimili, því að vottorð sóknarprestsins hljóðar að eins um, að hann hafi ~~verið~~ látið skrifa ~~þar~~ sig í manntalsbók þar í prestakallinu, svo sem altítt er að lausamenn geri, þótt þeir hafi alla atvinnu sína annarstaðar. Nefndin leggur því eindregið á móti, að þessari beiðni verði sint.

2. Teitur Stefánsson, trésmiður, Frakkast. 14, ber sig upp undan útsvari því, 25 kr., er honum var gert að greiða hér árið sem leið, með því að hann vegna atvinnurekstrar síns hafi orðið að greiða útsvar í Hafnarfirði, 10 kr. af 20, sem á hann hafi verið lagðar þar fardagaárið 1908-9. Nefndinni finst öll sanngirni mæla með því, að ~~þessi~~ beiðni hans um lækkun útsvarsins verði tekin til greina þannig, að það verði lækkað um 10 kr., úr 25 kr. í 15 kr., og greiðir hann þá alls, hér og í Hafnarfirði, sama gjald sem nefndinni þótti hæfilegt í upphafi.

3. Guðmundur Guðmundsson, steinsm. ~~hér~~ Laugav. 115, biður meðal annars um uppgjöf á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öllu útsvari sínu árið 1909, sem var 16 kr., með því að kona hans ~~hafi verið~~ „liggi undir þungum sjúkdómi“ og ástæður hans sé því erfiðar. Nefndin getur fallist á að nokkur ástæða sé til að lækka gjaldið í þetta sinn og leggur til að útsvarið verði lækkað um 8 kr., en telur eigi rétt að fella það alveg niður.

4. Runólfur Þórðarson, húsm., Vesturg. 50 B, biður um uppgjöf á 5 kr. af helmingi af útsvari sínu árið 1909, með því að hann hafi hér enga atvinnu haft og verði að greiða útsvar annarstaðar, en atvinnu hefir hann haft í Viðey, þótt kona hans og börn sé hér. Nefndin telur beiðni hans sanngjarna og leggur til, að útsvar hans verði lækkað um 5 kr.

5. Jóhann Guðmundarson, skipstjóri Bergstaðastr. 45, ber sig upp undan því, að sér hafi verið gert hér að greiða fult útsvar, 30 kr., árið sem leið, þar sem hann hafi í ógáti verið talinn bæjarmaður í manntali haustið 1908, því að þá hafi hann átt lögheimili í Seltjarnarneshreppi, enda greitt þar lögboðin gjöld fardagaárið 1908–9, svo sem útsvarsseðill hans þaðan sýnir. Þessi skýrsla hans hefir reynst rétt og virðist nefndinni sanngjarnt að láta niður falla helming útsvarsins fyrir þann hluta ársins, sem hann hefir þegar greitt útsvar annarstaðar, en greiði hinn helminginn fyrir þann hluta ársins, sem hann var hér bæjarmaður. Geldur hann því samtals árið 1909 25 kr. og má það eigi minna vera.

6. Jens Jónsson, trésmiður Vesturg. 40, biður um að útsvar sitt, 20 kr., verði lækkað niður í 5 kr., vegna þess að hann hafi eigi haft atvinnu árið sem leið (nema í 3 mánuði) sökum vanheilsu og þar að auki hafi barn hans verið veikt í 3 mánuði. Nefndinni finst sanngjarnt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að gjald hans verði lækkað í þetta sinn, svo sem högum hans er nú komið, og leggur til að ~~honum verði gefnar upp 12 kr af útsvarinu~~ útsvarið verði lækkað niður í 8 kr.

Fylgiskjölin endursend.

Á síðasta fundi nefndarinnar ~~varð~~ var ~~tilrætt um~~ þess óskað af meiri hluta fundarmanna, að seðlum þeim, sem gerðir verða handa nefndinni eftir manntalinu, verði raðað niður undantekningarlaust eftir föðurnöfnum og ættarnöfnum, svo að komist verði hjá undirtekningum og ruglingi nafna. Niðurjöfnunarskráin verður þá með sömu gerð, að því er þetta atriði snertir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarstjórans.

Rvík. 28. febr. 1910.

Út af ~~beiðni~~ erindi Ludvig Bruuns, bakara, Kirkjustr. 8, ~~erindi~~ dags. 16. þ.m., er þér hafið sent niðurjöfnunarnefndinni til umsagnar, skal ég leyfa mér að tjá yður, að nefndin lítur svo á, að sanngirni mæli með því, að útsvar sjálfs hans (30 kr.) verði lækkað um helming, en útsvar frúarinnar (50 kr.), sem var miðað við atvinnu hennar, verði látið standa óbreytt.

Fylgiskjalið endursent.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
4. febr. 1910.-

511

Hjer með sendi jeg niðurjöfn-
unarnefndinni erindi Björns Lárus-
sonar um að fá eptirgjöf á auka-
útsvari 1909, og vænti jeg að
meðtaka erindið aptur ásamt
umsögn nefndarinnar, fyrir
næsta fund bæjarstjórnarinnar.

Páll Einarsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarstjórans.

Njr. 11. febr. 1910.

Þér hafið, herra bæjarstjóri, sent niðurjöfnunarnefndinni, með bréfi dags. 4. þ. m., erindi frá Birni Lárussyni [Njl. 21.] um að sér verði gefið upp útsvar það, er honum var gert að greiða í bæjarsjóð 1909, með því að ~~hann~~ sér hafi, samkv. meðfylgjandi útsvarsseðli, verið gert 9 kr. útsvar í Andakílshreppi (fardagaárið 1909–10). Þessi maður fluttist búferlum héðan á síðastl. vori og finst nefndinni sanngjarnt, að honum verði veitt uppgjöf á helmingi þess útsvars (25 kr.), er á hann var lagt um árið 1909.

Fylgiskjölin endursend.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. febr. 1910.-

551

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna niðurjöfnunarnefnd-inni að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær gefið Birni Kjelm. Lárussyni eptir helming auka-útsvars þess, er honum var gjört að greiða hjer árið 1909.-

Páll Einarsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910.–

465

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær, var erindi Edward Milnes, Hverfisgötu 6, um að fella burtu aukaútsvar hans fyrir 1909, vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndarinnar, og sendi jeg nefnt erindi hjer með og óska að fá það endursent fyrir næsta fund bæjarstjórnarinnar.–

Páll Einarsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. des. 09.

263

/. Hjer með sendi jeg niðurjöfnunarnefndinni til umsagnar erindi Einars Jónssonar frá Núpstað, þar sem hann fer þess á leit að falla megi niður útsvar það, er honum hefur verið gjört að greiða.
Vænti jeg að fá svar nefndarinnar fyrir næsta fund bæjarstjórnarinnar. –

Páll Einarsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarstjóra.

Rvík. 31/1 1900. Þér hafið, herra bæjarstjóri, sent niðurjöfnunarn. með bréfi, dags. 21. þ. m., erindi (lokr.) frá E. Milner um uppgjöf á aukaútsvari því er á hann var lagt í sept. f. á. og ber fyrir sig, að hann hafi ~~[illegible]~~ enga atvinnu og fái að eins styrk til að ferðast hér um landið, ~~til að kenna [illegible]~~ sem er útlendingur; ~~einkum með [illegible] þjóðinni~~ Þessi maður hefir hafst að eins ~~verið~~ hér á landinu síðan í júlímán. síðastl. og að eins vikið burt héðan nokkurn tíma í haust, er hann var fyrir vestan; hann hefir efalaust haft ríflegan styrk til dvalar hér á landi og auk þess að eiga góða talsvert á verzlunarviðskiftum ~~hér~~ í haust, svo að nefndinni finst eigi geta komið til mála, að þetta litla gjald, sem á hann var lagt, verði látið niður falla.

Fylgiskjalið endursent.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20.des.1909

360

Á siðasta bæjarstjórnarfundi visaði bæjarstjórnin til msagnar niðurjöfnunarnefndarinnar tveim erindum um niðurfærslu aukaútsvara frá þeim Teiti Stefánssyni, Frakkastig 14 og Guðmundi Guðmundssyni, Laugaveg 115. Erindi þessu sendi ég niðurjöfnunarnefndinni hjer með og bið hana um að láta uppi umsögn sina um þau fyrir næsta bæjarstjárnarfund.

Páll Einarsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. jan. 1910.- 403

Bæjarstjórnin vísaði á fundi sínum í gær til umsagnar niðurjöfnunarnefndar, erindi Runólfs Þórðarsonar dags. 4. þ. m. um eftirgjöf á 5 kr. af aukaútsvari hans 1909.-

Páll Einarsson

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

Hérmeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst, að bera mig upp við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur bæjar, útaf 16,oo Kr. gjaldi, er hún hefur lagt á mig sem gjaldskyldan bæjarmann, s. m. b. niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur fyrir árið 1909.

Ástæður fyrir kærunni eru:

1. að lögheimili mitt er ekki hjer, eins og tekið var framm í síðustu manntalsskýrslu frá þessu heimili, heldur á Langárfossi í Mýrasýslu, og geld jeg þar öll opinber gjöld fyrir fardagaárið 1908 til 09.
2. að jeg dvel og hef dvalið hjer lengri og skemri tíma, sem einhleypur leigjandi hjá öðrum, án þess að hafa hjer fast aðsetur eða fasta atvinnu við að styðjast

og í 3 lagi að kjörstjórn Reykjavíkur, strikaði nafn mitt útaf kjörskrá bæjarins, og jeg með því að missa kosningarrjett hjer verð að álíta að bæjarfjelagið þarmeð viðurkenni rjettleysi sitt gagnvart gjaldþoli mínu

Einnig vil jeg mynnast á að mjer er óljóst hvort jeg hef verið búinn að dvelja hjer samfleitt í 7 mánuði þegar gjaldið var lagt á, eigi niðurjöfnunin að gilda fyrir fardagaárið 1908 til 09. en eigi hún aðeins að gilda fyrir árið 1909. er öllum ljóst hvert [illegible]!

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nær, vil jeg leyfast við að segja nefndinni
frá ástæðum mínum. Jeg er einhleypur
lausamaður, hef tekið opinbert búnaðar
skóla próf, stunda atvinnu mína hingað
og þangað, vegaverkstjórn á sumrin og svo
vinnu og annað hinn tímann og opt ekkert,
nú á síðustu og bestu atvinnu árum, hef jeg
unnið mjer inn kringum 700,00 til 800,00 kr í
kaup, þar af hef jeg borgað fæði þjónustu
og föt yfir allt árið, og húsnæði fyrir
minnir helsta part. Setjum nú svo að
jeg stundi vegavinnu vestur í Helgafells
sveit í 4 mánuði, mælingar og önnur störf
frammi Stafholtstungum, (í 4 mánuði) kenni mig svo
hjer í 4 mánuði, og eigi svo lögheimili á
Laugarfossi, er jeg þá ekki orðin gjaldskyldur
á 4 stöðum, sama árið? gjöri nú lágt á mig
16,00 kr í hverjum stað verða það 64,00 kr
alls, þykir mjer þetta of hátt útsvar þar sem
nettó tekjurnar geta ómögulega farið fram úr
200,00 kr, og opt minni. Verð jeg því að fara
fram á að hin háttvirta nefnd, annað hvort
striki gjaldið út af skránni eða minki það
um 3/4 parta þ.e. ofan í 4,00 kr.

Eptir að hinni heiðruðu nefnd hefur
borist þessi umkvörtun mín, óska jeg
hún kalli það fyrsta mig til fundar við sig, nægi
henni ekki ofan og framan taldar skýringar
á málinu til sönnunar gjeld mitt ... krafinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Er jeg því fús á að segja mitt mál um Gásar ef krafist verður

sk. Rvík í húsi Hanspáls 23. marts 1909

Daníel Hjálmsson

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

Ég undirskrifaður hefi séð á „Niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur 1909“ að á mig hefur verið lagt 25 krónu útsvar.

Þegar þess er gætt að ég er algjörlega efnalaus maður og hefi fyrir tveimur ómögum að sjá, þá vona ég að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd verði mér sammála um, að útsvar þetta er ósæmilega hátt, borið saman við ýmsa aðra gjaldendur bæjarins.

Leyfi ég mér að nefna til samanburðar aðeins tvo menn, sem ég þekki mjög vel og veit með vissu að eru margfalt efnaðri menn en ég, og allu því að réttu lagi að bera töluvert hærra útsvar en ég.

Annar þessara manna er Davíð Jóhannes=son verzlunarmaður frá Skutlakoti. Auk þess sem hann á hér allstóra húseign, þá á hann einnig ágæta jörð í sveit og hefur beztu atvinnu árið um kring.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn er Þórður bóndi Þórðarson í Laugarnesi. – Það er öllum kunnugt að hann hefur stórt og arðsamt bú og er ómagalaus maður.

Krafa mín verður því sú að hin hátt-virta niðurjöfnunarnefnd gjöri annaðhvort að lækka útsvar mitt niður í 16 krónur eða hækka útsvör samberenda minna úr 25 krónum uppí 35 krónur minnst.

Svar uppá þessa umkvörtun mína óska eg að fá sem allra fyrst. –

Virðingarfyllst

Reykjavík 23. Marts 1909

Guðm. Sæmundsson

Hverfisgötu 49

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1 barn á 1. ári
móðir konunnar sjúkling
eign 1/2 hús (400 kr.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3.

Þar sem niðurjöfnunarnefnd=
=in hefir hækkað út svar mitt um 5 Kr síðan síðast, Þá get eg ekki liðið það án umkvörtunar, jeg hef ~~3~~ 4 börn og heilsu lausa konu sem ekki getur gengið um sitt meir enn hálft árið að meðal tali; svo eg er einn fyrir vinnan, jeg er að vísu kallaður húseigandi enn sú eign er mest í skuld sem auðvelt er að sýna ef krafist verður, Mér til saman burðar, og niðurjöfn=
unarnefndinni til leið beiningar í þess=
-ari umkvörtun, nefni jeg þá: Kristján Kristjánsson járnsmið Lindargötu og Davíð Jóhannesson (Stuðlakoti) verzlunarmann, sá fyrrnefndi er barn eða ómaga laus, enn hinn hefur 1. barn, báðir mjög vel stönduga menn efna lega að allra áliti og þeim er gert 25 Kr hverjum, enn mér 20 Kr nú krefst jeg að yðar hátt virta niðurjöfnun
-ar nefnd takið þessa útsvarskæru til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greina og get ég búist við að það verði ekki erfitt að sjá það, að mjer hefur verið gert að láta í það minsta 5 kr of hátt, eða með öðrum orðum jeg get ekki sjeð mikið rjett læti í því að hækka nú mitt bæjargjald í ár um 1/4 þar sem óvíða hafa átt sjer stað hækkanir á útsvörum í bænum,

Virðingarfyllst
Reykjavík 24. Marz 1909

Sigurður Gunnarsson járnsm
Laugaveg 51.

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4.

Í tilefni af því, að jeg hefi heyrt að lagt hafi verið á mig aukaútsvar á síðasta niðurjöfnunarfundi, leyfi jeg mjer hjer með að snúa mjer til hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur með þá fyrirspurn, hvort það geti komið til nokkurra mála, að jeg greiði útsvar, þar sem jeg fyrst og fremst er orðin blind og gef þar að auki með barni sem jeg á 40 kr. árlega og er það svo mikið fyrir mig, að jeg hefi ekki neitt afgangs, hvorki í útsvar nje önnur gjöld. Jeg vildi því skjóta því undir dóm hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar, hvort henni virðist ekki öll sanngirni mæla með því, að jeg komist algjörlega hjá því að greiða útsvar og bið hana að senda mjer svar sitt hjer að lútandi sem allra fyrst.

Hafnarstræti 8; Reykjavík 25. marz 1909

Virðingarfyllst

Sigríður Stefánsdóttir

(handsalað)

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Hérmeð leyfi eg mér að tilkynna háttvirtum formanni niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur, að eg er námssveinn hjá H. Andersen & Sön hér í bænum.

Þar afleiðandi getur það ekki verið lögum samkvæmt að leggja á mig aukaútsvar, sem hinni háttvirtu nefnd hefur þóknast að hafa 13,00 kr. fremur en alt annað námsfólk í Rvík.

Þetta vona eg að hin háttvirta nefnd lagfæri hið bráðasta og óska eg að ~~og~~ fá tilkynningu frá henni fyrir ~~en~~ þ. m.

Bergstaðastræti 3. Rvík 26. 3. 1909.

Aðalsteinn Þorsteinsson

klæðskera nemi

Til form. niðurjöfnunar nefndar

Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6.

Þegar eg las Niðurjöfnunarskrána
sá eg að mjer er gjört að gjalda aukaútsvar
8 krónur sá eg að útsvarið hafði verið
hækkað um 4 kr eða helming í þettað
sinn. fyrir 3 árum var útsvar mitt hækkað
ofan í 4 kr úr því sem það áður var. -
Nú hefi eg mikið Erviðari ástæður þar
sem eg get Ekki heylsunnar vegna geingið
að stöðugri vinnu og konan mín mjög
heylsulaus. svo við getum Ekki kallast
fær fyrir auknum Erviðleykum. og þar
fyrir er eg stóróángður með að borga
þetta upphækkaða útsvar. því eg álít að
það hafi Ekki verið gjört af þekkingar
leysi Eða misgáningi því eg veit að það
hafa verið þeir menn í nefndi sem vel
gátu þekt mig og mínar ástæður svo vel
að þettað geti Ekki verið rjettlát hækkun
Eg vona því að þjettað verði lækkað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greina og sjái að eptir minkandi
vinnu kröptum geti Ekki Efnin vagsið
verði því Ekki sýnt sem eg kvarta yfir
mun eg láta yfirlíta Ligur minar

Vyrðingarfyllst

Laugaveg 26. 29 Marts 1907

Kristján Erlendsson

N.B. Hann veikur lengi í fyrra, konan veik
í allan vetur, nú rétt farin að klæðast.

Til
Niðurjöfsunarinefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7.

Með því að jeg undirrituð Valgerður Helgadóttir til heimilis á Laugaveg 70 hef verið veik af taugagigt í mörg ár og þaraf leiðandi ekki getað unnið fyrir kaupi, leyfi jeg mjer að fara fram á, að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd felli burtu aukaútsvar það, er á mig hefur verið lagt að upphæð 6 krónur. Jeg læt hjer með fylgja vottorð frá húsbændum mínum skýrslu minni til sönnunar.

Virðingarfyllst
Valgerður Helgadóttir

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Valgerður Helgadóttir, sem verið hefur hjá okkur 2 síðastliðin ár, hefur verið meir og minna veik af taugagigt, og þessvegna að eins haft hjá okkur föt og fæði, en ekki fengið neitt kaup að öðru leyti.

Guðmundur Ámundason
Kristin Andresdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8.

Vesturgötu 53A Reykjavík 29/3 09

Háttvirt niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur.

Sökum þess, að þjer hafið lagt á mig aukaútsvar hjer, að upphæð 10 kr – tíu krónur – og jeg get eigi skilið að yður hafi verið kunnar ástæður mínar, þá vil jeg leyfa mjer að skýra yður frá þeim:
Í fyrsta lagi er ekki heimili mitt hjer í Reykjavík, heldur að Bíldsfelli í Grafningi í Árnessýslu, eins og áður hefur verið tekið fram og hef jeg með höndum skriflega sönnun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá hreppstjóra Grafningshrepps
fyrir því, að jeg hafi þegar greitt
öll þau gjöld, sem á mig hafa
verið lögð þar í hreppi.
Í öðru lagi er jeg við nám,
á stýrimannaskólanum hjer
og er þar með mjög styttur
vinnutími minn þetta ár,
og í þriðja lagi er jeg alveg
eignalaus maður og hef þar
að auki heilsubilaða móður,
nær sjötuga að vinna fyrir
að öllu leyti.
Af því, sem jeg hefi hjer tekið
fram, vona jeg að þjer sjáið,
að jeg get tæpast borið útsvar
og vil jeg því leifa mjer að
biðja yður að taka þessa
umkvörtun mína til athugun-
-ar og helst strýka mig út
af skránni.

Virðingarfyllst

Guðleifur Hjörleifsson

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9.

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjermeð að fara fram á það við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að hún vildi gjöra svo vel og ljetta á mjer hinu afarþunga sveitarútsvari sem hún hefur gjört mjer að skyldu að borga. Útsvar það sem hún hefur gjört mjer er 16 kr. —

Ástæður mínar eru þannig: Jeg er giftur (en hefi ekki síðasta ár búið saman með konunni) og á með henni 1 barn 5 ára, og kona mín sem er ekkja á líka 1 barn 12 ára. Konan er heilsulítil og verð jeg að leggja með henni að svo miklu leyti sem jeg get – efni mín eru engin – jeg orðin mjög lúinn og ónýtur til allra stritvinnu enda nú nær 60 ára. —

Jeg þykist ekki þurfa skýra nefndinni nánar frá hag mínum og vonast til að hún lækki útsvar mitt ofan í 4 kr. eða felli það alveg í burtu. Samanburð á öðrum tel jeg ekki þurfa —

Með mikilli virðingu
Reykjavík 30 marz 1909
Oddur Björnsson
(Landakoti)
(frá [illegible])

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10.

Við síðustu niðurjöfnun aukaútsvara hefur hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd þóknast að gera mjer að greiða 35 kr. aukaútsvar.

Útsvar þetta finnst mjer jeg ekki vera skyldur til að greiða og byggi jeg þá skoðun mína á þessum ástæðum:

1o að jeg er gjörsamlega eignalaus,

2o að jeg er ekki sjálfstæður maður, enn sem komið er, heldur dvel hjá Páli bróður mínum og er á hans vegum — og

3o að jeg er <u>námsmaður</u>, á stýrimannaskólanum.

Af þessum greindu ástæðum leyfi jeg mjer virðingarfyllst að gera þá kröfu til hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar, að hún stryki algjörlega út aukaútsvar það, er hún hefur gert mjer að greiða, en til vara, að hún færi það niður í venjulegt vinnumannsútsvar, sje svo, að námsmönnum <u>geti</u> borið, að gjalda
4. til sveitar. Vottorð frá skólastjóra P. Halldórssyni fylgir hjermeð.

Það skal tekið fram, að vel getur átt sjer stað, að í manntalinu sje ekki tekið fram, að jeg sje námsmaður, og er það þá af vangá eða íhug-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

unarleysi þess manns, er ritaði á manntalslistann á heimili mínu, en það hefir vafalaust villt hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd sjónir.

Virðingarfyllst

Grettisgötu 52 í Reykjavík 29. mars 1904.

Jóel Kr. Jónsson

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt beiðni vottast hér með, að herra Jóel Kristinn Jónsson, til heimilis á Grettisgötu 52 hér í bænum, stundar nám hér á stýrimannaskólanum í vetur.

Reykjavík 23. marz 1909

Páll Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11.

Þar sem jeg síðastliðið ár lá rúmföst frá nýári til Sumarmála, og hef verið síðan mjög heilsulaus og hef þar af leiðandi haft mikið vinnutap í afar álag við legukostnað minn, sem ekki var svo lítill og þar við bætist að jeg er enn þá lítt vinnufær. Út af hjer greindum ástæðum vil jeg leifa mjer að mælast til þess að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur vildi gjöra að lækka eða fella burt útsvar það sem hin háttvirta nefnd hefur gjört mjer að greiða til bæjarsjóðs yfirstandandi ár. Jeg get ekki verið að bera mig saman við aðrar lausakonur sem standa á útsvarsskrá en ber það traust til hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar að hún taki þessa beiðni mína til greina í tilefni af hjer tilfærðum ástæðum

Reykjavík 29 marts 1909.

Virðingarfyllst

Guðlaug Jónsdóttir

Hverfisgötu 28.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ókeypis læknishjálp læknaskólans.

Á þriðjudögum og föstudögum
kl. 12—1
í læknaskólanum, Þingholtsstr. 25.

℞ Guðmundur Jónsson hefir tvívegis leitað sjer lækningar hjá mjer í vetur.
Hann er mjög heilsubilaður og ekki fær um erfiðisvinnu

Reykjavík 23/3 .09

G. Björnsson

Nr. 28

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.

Undirritaður leyfir sér hérmeð að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar að hún veiti mér eftirgjöf á aukaútsvari því er hún hefir gert mér.

Ástæður fyrir þessari málaleitun minni eru þessar:

1. Ég er svo heilsuveiklaður, að mér er ómögulegt að stunda neina þá vinnu er áreynslu krefur, eingöngu eitthvað það sem hægt er og áreynslulaust, en slíka vinnu er örðugt að fá fyrir menn eins og mig. — Meðfylgjandi vottorð landlæknis sanna ég að nægi sem sönnun þessa atriðis.

2. Kona mín er sömuleiðis heilsuveik og á því erfitt með að létta undir með ~~fastri vinnu stöðu~~ af heimilinu

3. Við eigum tvö börn á unga aldri.

Af framanrituðum atriðum getur nefndin séð að ástæðurnar eru þannig, að við megum þakka fyrir ef við getum bjargast án sveitarstyrks þótt ekki sé meira af okkur heimtað.

Lindargötu 1 B., Rvík, 4. apríl 1909.

Virðingarfyllst.

Guðm. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jeg hef sem bústýru er svo heilsubiluð að hún þolir als enga áreinsluvinnu

Nokkrir þeirra er jeg leifi mjer að benda á til samanburðar er fyrst Ólafur húsbóndi minn húseigandi og blandast víst engum hugur um sem þekkir til að hans efnahagur að öllu samanlögðu er að mun betri en minn. Svo vildi jeg nefna Grím Jakobsson á Seli með 10 kr húseigandi hefur eitt barn vinnur sjálfur Kona hans og dóttir Einar Einarsson Sáholti með 16 kr eins og jeg en er húseigandi vinnur sjálfur og tveir synir hans og hefur af kunnugum mönnum verið talinn efnaður maður.

Í samanburði við þessa menn er jeg hjef hjer nefnt þikir mjer lagt of hátt gjald á mig og treysti jeg því hinni heiðruðu niðurjöfnunar-nefnd að taka það til íhugunar. Virðingarfyllst

Ólafsbakka Rv 5 Mars 1909

Halldór Pálsson

Til
Niðurjöfnunarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13

Hjer með dyrfist jeg undir-
skrifaður að láta í ljósi óanægju
mín við hina heiðruðu Niður-
jöfunarnefnd viðvíkjandi auka
útsvari mínu að mjer þikir
það of hátt í samanburði við
ýmsa aðra er jeg þekki til
efnahagur minn er mjög
rír fjóra menn hef jeg í heimili
sjálfann mig kvennmann og tvo
syni annann uppkominn
sem þið eflaust vitið. hinn 11 ára
sjálfur er jeg kominn á sjötugs
aldur farlama til vinnu og sjón-
dapur mjög kvennmaðinn sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.

Á þessa árs niðurjöfnunarskrá eru lagðar 4 kr á Guðrúnu Sigurðardóttur í aukaútsvar til bæjarsjóðs. Kvenmaður þessi, sem er og hefir um undanfarin ár verið vinnukona hjá mjer, og nú er hátt á sextugsaldri, er alveg efnalaus og svo þrotin að heilsu og kröptum að hún enga ábyrgðarvinnu getur á sig lagt, nje á neinn hátt hjálparlaust fyllilega unnið fyrir lífsframfæri sínu hvorki í vist nje lausamennsku.

Jeg leyfi mjer því hjer með fyrir hennar hönd, og eptir ósk hennar, að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún láti ofannefnt 4 króna aukaútsvar algjörlega falla niður og burtnemast af niðurjöfnunarskránni, því af ofangreindum ástæðum er stúlku þessari ómögulegt að geta greitt þetta gjald.

Bergstaðastræti 15 í Reykjavík, 5. apríl 1909.

Virðingarfyllst.

Teitur Sigurðsson.

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15

Reykjavík 3. April 1909
Kirkjustræti 4.

Jeg undirrituð leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún vildi veita mjer undanþágu frá útsvari, eða fella burt þær 4 Kr. sem mjer eru gjörðar að svara í aukaútsvar, af þeirri ástæðu að jeg borga 50 til 100 krónur á ári hverju, eða það sem jeg get af mörkum látið, með örvasa föður mínum níræðum að aldri, er á heima norður við Eyjafjörð.

Virðingarfyllst

Guðrún Eddudóttir

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16.

Jeg undirrituð leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit við hina háttvirtu Niðurjöfnunarnefnd, að hún helzt felli niður með öllu bæjargjald það, sem mjer hefur verið ætlað að greiða, eða, ef hún sjer sjer það ekki fært, lækki það niður í 1 kr.

Jeg skal geta þess, að jeg er alveg eignalaus og hef engar aðrar tekjur en vinnukonukaup mitt. Hins vegar hef jeg skylduómaga fyrir að sjá, gamla örvasa móður, Sigríði Arnbjarnardóttur, nú til heimilis í Dalbæ í Gaulverjabæjarhreppi, sem hefur ekkert annað sjer til framfæris en það, sem jeg get látið af hendi rakna, að undanteknum 8 kr. styrk úr alþýðustyrktarsjóði, og tel jeg mjer bæði siðferðislega og lagalega skylt að láta alt, sem afgangs verður af kaupi mínu frá brýnustu nauðsynjum mínum, ganga til hennar.

Reykjavík 5. april 1909.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Jónsdóttir
vinnukona hjá dr. J. Jónassen, Lækjargötu nr. 8.

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.

Reykjavík, 5. april 1909.

Hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hefir í ár gjört mjer að greiða helmingi hærra aukaútsvar en síðastliðið ár, fært útsvar mitt úr 75 kr. uppí 150 kr. Þessa uppfærslu á útsvarinu hygg jeg að nefndin muni hafa byggt á því, að jeg mundi fá veitingu fyrir skrifstofustjóraembætti því í stjórnarráðinu, er jeg nú um tíma hefi veitt forstöðu, en þarsem svo mun eigi verða, og jeg veit ekki annað, en að jeg í ár muni hafa hinar sömu föstu tekjur, sem jeg hefi haft síðustu árin, leyfi jeg mjer hjermeð að fara fram á að útsvar mitt verði aptur fært niður í 75 kr.

Virðingarfyllst

Sveinbjörnsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18.

TH. KRABBE

LANDSVERKFRÆÐINGUR

Reykjavík, 5. april 1909

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara fram á það við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún vilji taka til íhugunar, hvort ekki væri sanngjarnt að lækka aukaútsvar það, sem hefur verið lagt á mig, niður í 150 kr., eða að minsta kosti að nokkrum mun.

Til stuðnings beiðni þessari skal þess getið, að kjör mín hafa að engu leyti batnað síðan jeg kom hingað, en útsvarið hefur farið síhækkandi frá 125 kr. árið 1907 upp í 150 kr. árið 1908 og nú upp í 175 kr. árið 1909, að í sjálfu sjer eru 175 kr. afarmikið útsvar á 3000 kr. laun, að í samanburði við Jón Hermannsson skrifstofustjóra, sem er embættismaður með 3500 kr. launum og eftirlaunarjetti virðist mjer ósanngjarnt að leggja jafnhátt útsvar á mig sem hef 3000 kr. en engan eftirlaunarjett, að mjer virðist það ósanngjarnt að jeg eigi að borga hærra útsvar - 175 kr. - en Hofoed-Hansen skógræktarstjóri - 150 kr. - sem hefur sömu kjör og jeg, en er einhleypur maður, jeg aftur á móti heimilisfaðir.

Th. Krabbe

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19.

TELEFON 27
TELEGR.-ADR.:
ØSTLUND

# DAVID ØSTLUND

Reykjavik 5.–4.– 1909

Ingileif Þórðardóttir, sem er hjá mér, hefir beðið mig um að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, að hún taki hana frá við að borga aukaútsvar 4 kr. þareð hún á hér fátæka, ellihruma foreldra, sem hún hingað til hefir styrkt af sínum litlu launum, svo að þau gætu komist hjá því að leita fátækrastyrks (eiga sv. rétt hér).

Mér er kunnugt um að þetta sé satt, og leyfi mér að mæla hið besta með því að þetta aukaútsvar falli niður.

Virðingarfylst

David Østlund

Til
Niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20.

Reykjavík 5. apríl 1909.

Heiðraða niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur!

Útaf útsvari mínu ~~nú~~ nú ný-
álögðu leyfi jeg mér að skrifa yður nokkra
línur af þeim ástæðum að mér þykir út-
svar mitt til muna ofhátt, sem að lík-
indum stafar af ókunnugleika nefndarinnar,
þar sem mér er nú gert að greiða 16 krónur
í aukaútsvar, en í fyrra voru það aðeins
6 krónur, og er það nokkuð mikil hækkun
á einu ári 10 Kr. þar sem ástæður mínar
hafa ekki breytst neitt til batnaðar.

Fyrst er jeg kom til bæjarins fyrir
6 árum eignalaus ekkja var útsvarið 8 Kr,
svo í fyrra lækkaði nefndin það sjálf, án
minnar kvörtunar niður í 6 Kr.; en svo
hækka það aftur nú uppí 16 Kr. og sýnist
það æði mikil hækkun á fátækri lasburða nær
60 ára gamalli ekkju, sem hefur ekkert við
að styðjast nema tvö börn sín, ~~tímlega ný~~
~~fermda~~ unglinga, sem bæði eru í skóla. Dreng-
ur í Sjómannaskólanum og stúlka á sauma-
verkstæði, og það litla sem þau vinna fyrir
á sumrin gerir ekki betur en hrökkva fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skólakostnaði þeirra yfir veturinn.

Ern það því tilmæli mín til hinnar háttvirtu nefndar að hún lækki útsvar mitt ofaní **8-10 Krónur**, og af framangreindum ástæðum vonast ég til svo góðs af nefndinni að hún verði við þessum mínum tilmælum. Enn fremur að hún svari þessari minni málaleitan sem fyrst.

Með mikilli virðingu.

Ólöf Guðmundsdóttir

Hverfisgötu 40.

Til

Niðurjöfnunarnefndar

Reykjavíkurbæjar.

H.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kárastig No 7 Reykjavík 6/4 — 09

21.

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með
að fara þess á leyt við hina heiðruðu
Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur að hún
færi niður útsvar mitt að einhverju leyti:
Ástæðan fyrir þessari beiðni minni
er sú að jeg treysti mjer ekki til að
borga svo mikið vegna fátæktar minnar
Jeg get ekki ímyndað mjer hvers vegna
hefur verið hækkað á mjer um 6 Krónur
sex Krónur þar sem jeg er að berjast
við að styrkja bláfátæka foreldra mína
sem bæði eru komin á fullorðins ár
og (~~sem mig~~) langar (mig) til að losa (þau) við Sveitar-
styrk að svo miklu leyti sem jeg get.
jeg veit að það eru þeir menn til í
Niðurjöfnunarnefndinni sem þekkja
ástæður mínar jeg hef nú orðið fyrir
talsverðum veigindum undanfarið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem kostaði mig um 4 hundruð krónur
400 krónur sem jeg er ekki laus við enn
en sem jeg er að smá borga eftir
því sem efnin leifa. Jeg ætla mjer
ekki að taka neina jafnaðar menn
því jeg þekki ekki svo ástæður manna
að jeg geti tekið mjer vald til þess.
Enda veit jeg að hin háttvirta nemd
tekur beiðni mína til greina eins fyrir
því.

Jeg bið nú hina háttvirtu nemdar menn að fyrirgefa mjer þessa beiðni mína. ~~og~~ Treistandi því að hún verði tekin til greina.
....af fyrnemdum ástæðum

Virðingarfyllst.

Reykjavík 6/4 – 0.9

Jón Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22.

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd.

Út af útsvari því, sem á mig var lagt við síðustu niðurjöfnun, leyfi eg mér virðingarfylst að fara þess á leit, að hin heiðraða nefnd færi útsvar mitt niður í 8 krónur úr 16. krónum.

Þessi upphæð, 8 krónur, er hið allra hæsta, sem komið getur til mála, að réttlátt sé að eg greiði í aukaútsvar, þegar gætt er þeirra laga-ákvæða, að jafnað skal niður „eftir efnum og ástæðum."

Eg get fært sönnur á það, og vona að sumum í hinni heiðruðu nefnd sé það kunnugt, að því fer fjarri að hagur minn sé nú þeim mun betri en í fyrra að eg eigi nú að borga fjórðungi hærra útsvar, heldur er nú einmitt svo miklu örðugra um fjárhaginn, sökum atvinnuskorts og annara atvika, að 8 kr. útsvar er meira að segja ofhátt.

Með því að ekki eru komin út ný lög, sem ákveða að álögur á einstaka menn skuli þyngja eftir því sem hver og einn eigi örðugra uppdráttar, þá vona eg að hin heiðraða nefnd sjái sér fært að taka kröfur mínar til greina, á þann hátt, sem hér er farið fram á, enda er eg reiðubúinn að gefa nákvæmari upplýsingar þegar nefndin óskar.

Reykjavík 4. april 1909

Virðingarfylst

Björn Hjerónýmusson.

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23.

Reykjavík. Skólavörðustíg 14. þ. 6. Apríl 1909

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur.

Þar eð við undirritaðir bræður Sigurþór Sigurðsson, Sámsstöðum í Fljótshlíð og Árni Sigurðsson, Teigi í Fljótshlíð, finnum okkur knúða til þess að fara þess á leit við nefndina, gagnvart því gjaldi er hún hefur lagt á okkur við síðustu niðurjöfnun að hún felli það burt vegna þeirra ástæðna sem hjer skal greint:

Fyrst að við berum fulla sveitarbyrði í okkar sveit sem er: Sigurþór 18 krónur og Árni 13 krónur í aukaútsvar auk annara gjalda.

Annað að við höfum dvalið hjer aðeins fimm mánuði síðastliðið ár, ekki samfleitt, heldur á ferðalagi í 3 mánuði, unnið hjer aðeins 1 mánuð og við nám 1 mánuði, bæði við Þjórsárbrú og hjer.

Við getum gjört fulla grein fyrir þessu ef krafist verður. Einnig viljum vér geta þess að við dveljum ekki hjer í bænum næsta ár, öðruvísi en á ferðalagi sem við getum ekki umflúið.

Virðingarfyllst

16 kr. Sigurþór Sigurðsson

16 kr. Árni Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24.

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar í
Reykjavík

Hér

Þar að ég get ekki unað við þá ~~útsvars~~ upphæð ~~sem~~ mér er talið að borga til Bæarins. Þá leifi ég mér að skíra hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd frá ástæðum mínum og bera mig svo saman við aðra er stunda sama konar yðn. Jeg er nýkominn frá Kaupmannahöfn var þar hátt í annað ár að fullkomna mig í handverki mínu hef kostað mig sjálfur og þarað leiðandi skulda ekki svo litla upphæð; hef engar eignir að telja. Eg lít því á að hinn tilnefndu 30 kr. sem mér eru ætl-aðar að borga sín af ofannefndum í stöðum hlægnasta fjarstæða þar eð ég hefi ekki unnið fyrir kaupi lengur en síðan 1. október 1908; sem stafar mest af ókunnugleika nefndarinnar. Aftur á móti eru eru þeir klæðskerar sem mér er sérstaklega dett í hug að bera mig saman við eru þeir Jón Hjaltested nú yfir skreðari hjá H. Andersen & Søn fyr hjá Asgeir Sigurðssyni og Guðmundur Bjarnason hjá Ásgeir Sigurðssyni sem báðir eða sérstaklega víst Jón ~~vinna~~ hefur unnið hér í fleiri ár og nú víst að miklum mun fyrir hærra kaupi ~~og ég veit ei annan~~ en báðir einhleypir menn eiga að borga 85.-

Þetta leifi ég mér að tilkynna nefndinni og vænti þess að hún taki þetta til greina og færi útsvar mitt niður í 20 kr. að minsta kosti

Reykjavík 6. april 1909

Andrés Andrésson klæðskeri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25.

Á niðurjöfnunarskrá yfir aukaútsvör í Reykjavík fyrir þetta ár er mjer ætlað að greiða 16 krónur í aukaútsvar eins og í fyrra. En af því jeg er sárfátækur maður, sem síðastliðið sumar var háseti á þilskipi, sem lítið fiskaði, og sá litli afli, sem jeg fjekk verkaðist svo illa af sólbruna að á honum varð mjög lágt verð; og svo hefir kona mín síðan í septembermánuði 1907 altaf verið og er enn svo heilsuveik að hún ekkert hefir getað unnið og alltaf öðru-hvoru legið alveg rúmföst, og orðið að njóta læknishjálpar og meðala, þá hefir þetta orðið mjer svo kostnaðarsamt, að mín litlu efni eru alveg að þrotum komin, svo að mjer eigi er á neinn hátt mögulegt á þessu ári að geta greitt ofangreindar 16 kr. Leyfi jeg mjer því hjer með virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún setji þetta aukaútsvar mitt niður um helming, eða niður í 8 krónur, því þá upphæð verður mjer fullörðugt að geta borgað.

Rauðará í Reykjavík, 9 apríl 1909.

Virðingarfyllst,
Júlíus Jónsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Var á „Seagull" allan tímann, nema síðustu ferð. Kaup um 200 kr. Síðan atvinna við akstur, 20 a. um tímann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir beiðni skal jeg hjer með leyfa mjer að votta, að Margrjet Magnúsdóttir, kona Júlíusar Jónssonar ~~[illegible]~~ á Rauðará, lá veik frá því í september 1907 og mestpart vetrarins 1907/08 afleiðandi af barnsförum í sambandi við mislinga. Var hún svo lasin og var ekki búin að ná sjer aptur eptir veikindin fyr en um mitt sumar 1908, og allan þennan tíma veit jeg til, að maður hennar hafði mikinn kostnað af veikindum hennar, bæði fyrir meðul og læknishjálp, hjúkrun og annað. Þar við bættist og veikindi barns þeirra hjóna um sama leyti.

Reykjavík 9. apríl 1909

Þ. J. Thoroddsen
læknir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26.

Heiðraða niðurjöfnunar-
nefnd Reykjavíkur!

Hér með vil eg leyfa mér að fara þess á leit að hið háa útsvar mitt (16 kr.) verði fært niður að þasverðum mun.

Eg, sem hefi til jafnaðar aðeins 45 krónur um mánuðinn, og í vetur 4 menn í heimili treysti mér alls ekki að greiða svona hátt útsvar.

Til samanburðar á mötu við mig vil eg nefna tvo gjaldendur bæjarins:

Guðmund Arason Lindag. 6
og Ingvar Þorsteinsson bókb. Hvg. 17.
sem hvor um sig hafa 70 kr.
mánaðarlaun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þess vil eg og leyfa mér að geta, að fái eg fulla meðgjöf hér eftir* með barni því sem eg nú held fyrir bæinn fyrir hálfa meðgjöf, skal eg ekki kvarta í nefndu efni. Fái eg ekki góða áheyrn í þessu efni, óska eg að verða laus við nefndan ómaga.

Virðingarfyllst
Spítalastíg 9, 9. apríl 1909
Helgi Stefánsson

---

*. Frá í dag að telja.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27.

Fyrir hönd dóttur minnar Rósu Maríu ar Þórdardóttur Hverfisgötu 20 B sem skrifud hefur verid María. Skrifa eg þettad brjef til ad minnast á aukaútsvar sem henni er gert ad gjalda 4 krónur. Klíkur þad ad hafa verid gjört af ókunnugleika nefndarinnar því ástædur hennar eru Ekki, ad mjer sinist á þá Leyd ad hún geti goldid til sveitar. fyrst er þad ad hún ~~er~~ sem Einstædings Ekkja med ársgamalt barn, því madurinn hennar fór frá henni í Febrúar 1908 og skrifar henni skilnadarbrjef til baka svo hún sat alls laus eptir med barnid þá tveggja ~~mánad~~ mánada, svo atladi hún í kaupavinnu um sumarid En lagdist þá og lá mest allt sumarid og sidan vard hún í vandrædum sínum ad fá sjer vetrarvist og barninu vard hún ad koma fyrir bædi sumarid og veturinn.

Þettad eru nú ástædurnar sem eg ber fyrir ad henni er lítt mögulegt ad gjalda En sje þad óumflyjanlegt verd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það mætti lækka þó það sjé í rauninni
Ekki hátt vyrðingar fyllst

Laugaveg 26–7 April 1909

Þórður Stefánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28.

Þar sem jeg sökum heilsuveiklunar hef nú um
samfleitt átta ár verið atvinnulítill, og þar að
auki orðið fyrir stóru fjártjóni sem aðrir hafa
bakað mér, svo efnahagur minn & því orðin mjög
þröngur, og ekkert útlit fyrir að jeg geti nokkurn
tíma rétt hann við aptur.
Þetta ímynda jeg mér að hin háttvirta niðurjöfnunar-
nefnd hafi ekki þekkt neitt eða vitað um
þar sem henni hefur fundist rétt að hækka,
aukaútsvar mitt yfirstandandi ár um 9 krónur
jeg geng út frá því sem vísu. hefði nefndinni
verið kunnugt um ástæður mínar, mundi hún
fremur hafa lækkað útsvar mitt nú um svo sem
4 krónur í stað þess að hækka það um 9 kr.
Af hér greindum ástæðum sem eru sannar
ber jeg það traust til hinnar háttvirtu niður-
jöfnunarnefndar að hún gjöri að lækka auka-
útsvar mitt niður í það minsta um þær 9 krónur
sem hún sjálfsagt hefur af ókunnugleika hækkað á mér
nú.

Reykjavík 6 april 1909
Virðingarfyllst.
Þorsteinn Gunnarsson (fyrv. lögregluþj.)

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29.

Jeg undir rituð leifi mjer
hjer með, að byðja hina
heiðruðu niðurjöfnunarnefnd
Reykjavíkur, svo vel gjöra, að
fella burtu útsvar það er
hún hefur ætlað mjer að greiða
4 kr. að upphæð, þar er ég
þarfað gefa með móður minni
sem er nú orðin svo hrum
að hún ekki getur unnið
sjer brauð.

Virðingarfyllst.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirritaðir vottum
hjer með að Þóra Magnúsdóttir
Laugaveg 70 hefur um marga
ára bil gefið meira og minna
með móður sinni.

Reykjavík 10/4 1909.

Ögm. Guðmundsson
Jónas Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30.

Fyrir yfirstandandi fardagaár hefir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur lagt á mig undirritaðan aukaútsvar, að upphæð Kr. 135,00. Útsvar þetta tel jeg ekki sanngjarnt, og skal leyfa mér að gera nánari grein fyrir þessari staðhæfingu minni.

Eins og háttv. niðurjöfnunarnefnd getur séð af fjárlögum 1908 og 1909 eru laun mín 2800 Kr. á ári. Auk þess hefi jeg í vetur haft á hendi tímakenslu við prestaskólann, og fæ fyrir hana 100 Kr. Árslaun mín eru því ekki nema 2900 Kr. Aðrar tekjur hefi jeg nú eigi, enda hefi jeg eigi tíma til annara starfa. Eignir mínar eru einungis eitt hús, sem virt er á nál. 13200 Kr. þar af hvíla 7200 Kr. veðskuldir, svo að skuldlaus eign í húsinu er á pappírnum Kr. 6000.00.

Skuldir mínar, auk áðurnefndra veðskulda eru nál. Kr. 4000,00, sumpart frá námsárum mínum og sumpart standa þær í sambandi við húseign þá, sem jeg nefndi. Arðurinn af húsinu fer allur til vaxta og afborgunar veðskulda þeirra, sem á því hvíla. Vextir og afborganir hinna skuldanna taka á ári nál. Kr. 800,00, og þegar þessar 800 Kr. eru dregnar frá árslaunum mínum, þá verða eftir aðeins Kr. 2100,00.

Af þessum 2100 Kr. á jeg svo að framfæra heimili með 6 mönnum. Þar af eru þrír algerðir ómagar, 2 börn, annað á 1. ári og hitt 9 ára og loks faðir minn, ellihrumur og örvasa. Til þess hefi jeg engan eyri, nema þessi litilfjörlegu laun, því að aðrar tekjur hefi jeg eigi, svo að notaumast þarf óspart lega með þær að fara, eins og hér er dýrt að lifa.

Jeg er reiðubúinn til að sýna nefndinni fram á það með tölum, að jeg hefi ekki sagt hér of mikið, heldur of lítið, að því er snertir skuldir mínar og um tekjurnar er hægt að ganga úr skugga, því að þær eru lögákveðnar. Um heimilisástæðurnar getur enginn vafi verið. Það þarf eigi annað en að telja höfuðin.

Jeg hefi ekki verið enn þá einu sinni lítt heilt ár í embætti, varð á námsárunum alger-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að bjargast á eiginn rammleik og lán, sem góðir menn veittu mér, lán, sem jeg verð nú andvörtoð að borga að fullu smám saman.

Það er því kynlegt, að niðurjöfnunarnefndin skuli nú leggja 15 Kr. lægra útsvar á mann, sem hefir verið ári fullu lengur í embætti en jeg, er einhleypur og hefir að minsta kosti 300 Kr. hærri árstekjur en jeg. Jeg á við þórð lækni Sveinsson á Kleppi. Hann hefir 2400 Kr. í árslaun og að auki leigulausan bústað og ljós og hita, og verður það naumast metið alt minna en 3200,00 Kr. á ári. Þessi maður hefir reyndar líka kostað til náms, en nám hér er að öllu leyti að mun ódýrara en í Khöfn.

En því undarlegra er það, að jafnt er lagt á mig og formann niðurjöfnunarnefndar, hr. adjunkt Pálma Pálsson. Þessi maður hefir þegar verið í embætti alt að 20 árum, hefir aldrei haft fyrir, nema einu barni að sjá, og ef til vill nú síðari árin lengdamóður sinni. Hann hefir nú 2800 Kr. árslaun + húsnæði leigulaust 200 Kr. fyrir umsjón með húsum og áhöldum hins almenna mentaskóla, og 1100 Kr. fyrir dýravörslu, sem hann að líkindum sleppur vel með, hefir þar af væntanlega 3-400 Kr. ágóða, svo að árstekjur hans hljóta að vera samtals nál. <u>4000,00 Kr.</u>

Þegar jeg ber saman allan hag þessa manns og minn hag, þá dylst mér það eigi, hvor muni eiga hægra með að gjalda 135,00 Kr. aukaútsvar til Reykjavíkurbæjar.

5 Krónum hærra útsvar hefir hin háttv. niðurjöfnunarnefnd lagt á þá herra Jón Jensson yfirdómara, Jón Helgason lektor, pastor emer. Lárus Benediktsson og Þorleif adjunkt Bjarnason.

Þessir menn 3 eru nú í embættum, 2 miklu hærri launuðum en mitt embætti, og 1 hefir sömu laun. Allir eru þeir (þessir 3) búnir að vera embættismenn 15 ár og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sumir lengur, tveir þeirra (J. J. og J. H.) eiga
fasteignir hér og hafa fjölskyldu, þó litlu þyngri
en jeg. Þorl. Bjarnason er þar á móti alveg ein-
hleypur maður. Allir þekkja efnahag síra
Lárusar Benediktssonar. Hvort skyldi hann
eiga hægra með að gjalda Kr. 140,00 eða jeg að gjalda
Kr. 135,00.

Þá fariest fyrst skörin alvarlega upp í
bekkinn, þegar þeir herrar Jón Jakobsson bóka-
vörður (með 130), síra Magnús Helgason skóla-
stjóri, síra Guðm. Helgason form. Búnaðarfél.
Eyjólfur Eiríksson veggfóðrari og Kristján Þor-
grímsson Konsúll (allir með 125 Kr) eru látnir
gjalda lægra aukaútsvar en jeg. Jeg þykist eigi
þurfa að lýsa efnahag eða ástæðum þessara
manna, en þó skal jeg fara nokkrum orðum um
suma þeirra.

Síra Magnús Helgason hefir ná-
kvæmlega sömu laun, sem Þórður læknir
Sveinsson. Hann hefir alt af verið og er enn,
að því er mér er kunnugt, ómagalaus, sjálfsagt
20-30 ára embættismaður, bjó lengi fyrir-
myndarbúi af þeim tíma.

Síra Guðm. Helgason hefir 3000 Kr
árslaun, + hús- og hefir verið um 30 ár í embætti,
líka búið fyrirmyndarbúi langan tíma.

Jón Jakobsson hefir nú líka 3000 Kr.
eigi fyrir fleiri ómögum að sjá en jeg, hefir
verið í stöðu nál. 15 ár og þar að auki haft arð-
væna atvinnu við hliðina lengstum, eins og
vitanlegt er. Auk endurskoðandi Landsbankans.

Kristján Konsúll Þorgrímsson er
alment talinn með efnuðustu borgurum þessa
bæjar, hefir rekið lengi verzlun, á skuldlausa
eða skuldlitla eign á bezta stað í bænum
sem vafalaust er 40-50 þús. Króna virði, hefir
allálitlegar tekjur af innheimtu og fasteigna-
sölu, 1 eða 2 ómaga fyrir að sjá.

Eyjólfur veggfóðrari Eiríksson á
líka fasteign skuldlitla, sem gefur af sér

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um 2400 kr. á ári, auk annara fastalegra hluta.

Jeg gæti haldið svona lengi áfram, en til þess eigi þörf. Allir þeir menn, sem jeg hefi nefnt, munu vera eins færir um að gjalda 2 eins og jeg 1. Administrationi er mjög ósanngjarnt að mér skuli vera gert að skyldu að gjalda eins mikið og nokkrum þeirra. Eftir tekjum mín um og hagum að öðru leyti, efnum og ástæðum, hefði 75–100 kr. verið forsvaranlegt, en alls eigi meira.

Jeg leyfi mér því hér með að senda hinni háttv. niðurjöfnunarnefnd kæru yfir aukaútsvari því, sem hún hefur á mig lagt og krefst þess, að það verði fært niður um alt að 60 krónum.

Reykjavík 14. apríl 1909

Virðingarfylst

Einar Arnórsson

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg sá af niðurjöfnunarskrá fyrir Rvík 1909, að niðurjöfnunarnefndin hefir lagt á mig 40 kr. útsvar og datt mjer í hug gamla máltækið „margur hyggur auð í annars garði."

Jeg tel líklegt, að nefndarmönnum hafi verið alls ókunnugt um kringumstæður mínar sjerstaklega á þessu síðasta ári, og vil jeg því minnast á ástæðurnar einsog þær koma mjer fyrir sjónir, en því miður verð jeg að vera nokkuð margorður.

Síðastl. haust fluttum við hjónin, ásamt sonarbarni okkar og þjónustustúlku til bæjarins og komum þvínær alls laus, nema höfðum til í peningum c 900 kr. og gekk mikið af þeim til að kaupa óumflýjanleg nauðsynja áhöld og búsmuni en afgangur okkur til fæðis í haust og frameptir.

Við erum um 70 ára hvert okkar hjóna og fósturbarn okkar 5 ára, leiddi af öllu þessu að við komumst ekki af án þess að hafa stúlku til ýmislegs t.d. þvotta utan húss og innan og svo aðdrátta fyrir heimilið og vatnssóknar og margs fl.

Jeg hefi síðan jeg kom, reynt með öllu móti að fá mjer einhverja ljetta atvinnu, einkum eptirlits eða umsjónarstörf og þarámeðal sókti jeg um að fá einhverja stöðu við vörð á Alþingishúsinu um þingtímann, en jeg var þar ekki heyrður, þrátt fyrir þó álíta mætti að jeg væri ekki lakar fær um að hafa eptirlitið heldur en unglingar, með því að sveitungar mínir höfðu notað mig bæði fyrir hreppstjóra og hreppsnefndaroddvita og verið sæmilega ánægðir með. En hvað sem þessu leið, þá hafa líkl. alþingis forsetar þessa þings, ekki fundið mig verðugann þessarar stöðu, og hef jeg ekki fengið aðra atvinnu en rúmja viku, við að færa bækur í nýja landsbókasafnið.

Jeg ætla ekki að lýsa fyrir þeim sem hafa fjallað um þetta útsvarsmál hversu dýrt er að lifa hjer með 4 menn í heimili og sem koma að haustlagi óundirbúnir vetrinum og þurfa því ef til vill að sæta lakari kjörum á viðurværi og öðru, heldur enn þeir sem hafa að undanförnu dvalið hjer og haldið hús, og hafa þeir þó víst flestir ýmist atvinnu eða laun, og sumir auk þess eignir þar fyrir utan og mun þeim þó þykja útdragsamt að kosta heimili sín.

Nefndin mun nú halda að jeg eigi meira en þessar 900 kr. og er það rjett. Húseign er mjer talin á Bergstaðastræti 9. og eignaðist jeg hana fyrir nærfellt 2 árum fyrir 35,000 kr. og þar af í skuld 21,000 kr þar af skuldaði jeg Íslandsbanka 16,000 kr. en trjesmið herra Steingrími Guðmundssyni 5,000 kr. og hefi jeg með búi því sem jeg fyrrum hafði, kvittað þessar 5,000 kr. en eptir standa þessar 16,000 kr. eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því sem næst fyrir lítilfjörlegar afborganir. Húseign þessi hefur gefið af sjer Brtto hjer um bil 1848 kr. um árið, en nú ekki fullkomlega það vegna þess að ekki leigist nú öll húseignin og má búast við framhaldi af því í næstu framtíð. Fyrra árið hafði jeg duglegann umboðsmann til að annast eignina og veit jeg að hann mun hafa varið mig þeim útgjöldum sem hjá varð komist, því þetta var herra landsyfirrjettar málafærslumaður Eggert Claesen, en á því ári urðu þó útgjöld af húseigninni að meðtöldum vöxtum af láninu sem á eigninni hvílir og laun umboðsmanns c 1646 kr. og verða þá hreinar tekjur það ár 202 kr. og get jeg sýnt glöggann reikning fyrir þessu, og má búast við að fyrst og fremst minnki tekjurnar fyrir leigjendaskort og hins vegar að mjer gangi lakar enn umboðsmanni mínum að verjast ýmsum útgjöldum sem krafist kann að verða af húseiganda framvegis. Þessi mismunur á tekjum og gjöldum er því ekki verulega til að lifa af.

Fyrir norðan á jeg jörð sem tengdasonur minn býr á, og hefi jeg ekki sjeð ástæðu til að láta hann borga eptirgjald, með því hann hefur fyrir 8 börnum að sjá og er mjög fjelítill. Af þessum börnum eru 4 innan 4 ára og sjá allir hvað þungt þetta er í vinnufólks dýrtíð einsog nú er, og hefi jeg tekið heldur átt að styrkja hann, en að kalla af honum eptirgjald. Jeg á í sömu sveit kot sem er 11 hdr að dýrleika og er þar áskilin landskuld 40 kr. og hefur mjer sjaldnast heppnast að ná þar eptirgjaldi í gjaldeyri – peningum – heldur orðið að taka það í ýmsu öðru, vinnu og innskrift og fl. Svo á jeg c 50 kindur fyrir norðan og kú samt talsvert af stóðhrossum. Fyrir þessum peningi ljet jeg heyja síðastl. sumar og varð að kaupa slægjur og halda dýrt fólk, hjer um bil 8 manneskjur, og kostar mig hver karlmaður auk fæðis yfir 200 kr. um vorið og sumarið. Í vetur hefi jeg orðið að halda mann til að hirða þenna pening sem jeg á þar, og gat ekki selt t. d. stóðhross sem ekki voru markaðsgeng síðastl. sumar, með því sumt var af ungt og stóðhryssur með folöldum og af því þetta eru þau hross er venjulega þurfa heyfóður, folöld og ung hross, og kaupa þarf auk þess haga fyrir hrossin, þá eru þetta í bráð stór útgjöld hvað sem síðar verður þegar til sölu þeirra kemur.

Mjer dettur ekki í hug að ásaka niðurjöfnunarnefndina fyrir þetta útsvar, heldur verð jeg að viðurkenna ókunnugleika hennar og af því hefi jeg verið að skýra frá efnum mínum og ástæðum, ef nefndin kynni að líta öðruvísi á gjaldþol mitt, eptir að hafa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kynnt sjer ástædur mínar, sem jeg segi frá rjett og satt.

Jeg hefi því midur ekki kunnugleika til að bera mig saman við aðra gjaldendur vegna þess að jeg er bædi nýkominn og ókunnugur efnum og ástædum manna hjer, en þó finnst mjer að ýmsir hafi lítið hærra og sumir lægra útsvar sem hafa t.d. stödu eda allgóda atvinnu og eru aldurs og heilsu vegna færari en jeg til að vinna fyrir sjer og ekki standa eins ömurlega að vígi, með að berjast fyrir lífinu eins og við gamalmennin.

Til þess þó vitund að minnast á einhvern til samanburdar, þá vil jeg minnast á fyrverandi hjeradslækni minn Júlíus Halldórsson, án þess þó að krefjast þess að hækkað sje á honum í samanburdi við adra gjaldendur. Hann kom sídastl. haust hingað til bæjarins, nokkru sídar en við hjónin, ásamt konu sinni, en auk þess að hann hafdi ádur rífleg eptirlaun, fekk hann von brádar embætti hjer í bænum sem heilbrygdis stjóri með nokkrum launum, svo að jeg held að ekki vanti mikið á að hann hafi nú fast að 2000 kr. um árið. Auk þess seldi hann sídastl. sumar mikla húseign á Blönduósi fyrir hátt verd (c 7000–9000 kr.), þar að auki veit jeg ekki betur enn að hann eigi 2 jardir nordur í Húnavatnssýslu og hefi jeg heyrt, med vissu, að önnur þeirra mun ekki fást keypt mikið fyrir nedan 9,000 kr. med öllum byggingum þar á medal vöndudu steinhúsi. Hin jördin er lítið minni og er nidurnýdd og því ekki eins verdmæt. Bádar eru jardir þessar í ábúð vandalausra og því áefað með fullu eptirgjaldi. Hann mun eiga þar nordur ekki færri kindur en jeg og það er á lígu og ef til vill eitthvað af hrossum. Ekki er ólíklegt að hann sem læknir ætti talsvert inni hjá ödrum fyrir medöl og læknishjálp en hvað mikið, er óvíst. Jeg tel nú uppá að einhverjar skuldir hvíli á honum eda jardeignum hans, en líkl. skuldar hann ekki mikið einstökum mönnum. Þetta geta verið – ef til vill – allmiklar skuldir sem á eignum hans liggja, en tæpast svo að eign hans sje ekki allmikil. Þessi madur mun hafa hjer í útsvar 30 kr. og sje jeg ekki hvernig á því stendur gagnvart mínu útsvari.

Einsog jeg hefi tekið fram ádur, tek jeg ekki þenna mann til samanburdar af því jeg vilji að hækkað sje á honum, heldur til að benda á að þetta sje ekki rjettlát nidurjöfnun, og tel jeg víst að, ef mig brysti ekki kunnugleika að hægt væri að bera sig saman við þá menn sem stæda betur að vígi en þessi madur til samanburdar. Jeg legg adal áherdslu á að við erum bædi hjón gamalmenni áfar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að vinna nema ljetta vinnu og hana er ekki að fá.

Jeg mun nú vera helst til lengi búin að þreyta hina háttvirtu nefnd með fjölmælgi minni og bið að misvirða ekki; en að síðustu vil jeg leyfa mjer að fara þess á leit að nefndin vildi færa útsvar mitt niður um, alt að 20 kr. úr 40 kr. sem á mig var lagt.

Lindargötu 8.B. 13. apr. 1909.
Virðingarfyllst
Magnús Steindórsson

Til
niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

33.

Þar sem jeg er orðin gömul, fjelaus og þrotin að heilsu bæði á sál og líkama, og af þeim ástæðum hefi áður fengið uppgjöf á útsvars greiðslu og sem eðlilegt er ekki verið lagt neitt slíkt gjald á mig um nokkur undan farin ár, en nú er mér gjört að greiða til bæjarsjóðs 4 Kr. sem mér er ómögulegt að greiða, vil jeg því hérmeð virðingarfyllst fara fram á það, að hinn háttvirta niðurjöfnunarnefnd mætti þóknast að gjöra að fella burt þetta útsvar sem hún sjálfsagt sökum ókunnugleika hefur gjört mér að greiða. Því jeg get ekki sjeð að jeg geti komist hjá styrks þága

Rvík 12/4 – 09.
Virðingarfyllst.
Oddbjörg Guðlaugsdóttir
Grettisgötu 11.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

32

Niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur 1909, ber með sjer, að niðurjöfnunarnefndin hefur lagt á mig að greiða til bæjarsjóðs í útsvar kr. 4,00 og mun það vera líkt og lagt er á ársvinnukonur og lausakonur sem dvelja í bænum að staðaldri og hafa ekki fyrir ómögum að sjá, og mun nefndin ekki hafa verið svo kunnug högum mínum að hún hafi vitað að öðruvísi stóð á fyrir mjer, og vil jeg því leyfa mjer með nokkrum orðum að skýra nefndinni frá ástæðum mínum.

Jeg er lausakona, með laga leyfi, og á heima þetta ár norður í Vatnsdal á Undirfelli í Áshreppi og hefi dvalið þar í sveit, að undanförnu, þar til síðastl. haust að vinstúlka mín, hjer í bænum, ritaði mjer og bað mig að koma suður og takast á hendur vökukonu störf á Landakotsspítala, og af því mjer þókti þetta vissari staða, yfir veturinn, heldur en vera hjá ýmsum fyrir norðan rjeðist jeg í að takast þetta á hendur, þó mikill kostnaður yrði mjer af suðurferðinni.

Jeg vil geta þess að jeg á barn fyrir norðan í fóstri, hjá mjer vandalausum á Þórormstungu í Áshreppi og er það 7 ára gamalt og gef jeg að öllu meðlag með því, þareð faðirinn getur það ekki fyrir fjelegsi og munu einhverjir nefndarmenn kannast við hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því hann hefur dvalið nokkur undanfarin ár hjer í Reik.
þessi maður er Skúli járnsmiður sem síðastl. sumar fluttist
aptur norður í Húnavatnssýslu, og munu þeir sem þekkja
manninn trúa mjer til að hann hafi ekki gefið með barni
þessu, og samt átt full erfitt með að hafa ofanaf fyrir
sjer.

Þessar upplýsingar vona jeg að nægji til að sýna nefndinni
hvernig ástæður mínar eru, en finni hún ástæðu til að vefengja
þenna framburð minn, þá vill svo vel til að hreppstjórinn í
heimilis hreppi mínum herra Alþm. Björn Sigfússon er hjer
nú staddur og mætti spyrja hann um, hvert jeg segði ekki
rjett frá.

Af þessum tilfærðu ástæðum vonast jeg eptir að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd finni ástæður til að fella niður, að öllu leiti, þetta útsvar mitt kr. 4,00 og er það jafnframt krafa mín.

Reykjavík, Lækjargötu 12. 2. apr. 1909.
Guðrún Benónýsdóttir

Til
formanns niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34

Eptir að hafa sjeð niður-
jöfnunar skrána; hef jeg veitt
því eptir tekt, að útsvar
mitt, samanborið við útsvar
yfirsetukonunnar í Lauganesi.
Er hærra en svo að jeg geti
verið ánægð með það; þegar
til þess er litið, að laun min
eru að eins fjögur hundruð
krónur. Og jeg hefi haft
þennan starfa á hendi í
tæp tvö ár. og hef heldur
ekkert annað mjer til lífs
framfæris. En laun hennar
eru meir en tvöfalt hærri.
þegar þess er gætt, að á min
laun falla sex krónur af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tuttugu og fimm aurar, á hvert hundrað. En á hennar laun, svona á að gizka, þrjár krónur og fimmtíu aurar á hvert hundrað; og hún hefur haft þennan starfa á hendi í sex ár.

Þá vonast jeg til, að hin heiðraða nefnd, sjái að þetta er ekki sanngjarnt; og er því krafa mín að útsvarið verði lækkað, að minnsta kosti um helming. Til stuðnings þessari kröfu minni, leifi jeg mjer að skýra nefndinni frá, að jeg hefi lofað, að styrkja til náms bróður minn, sem er á landbúnaðarskóla í Danmörku, sem getur orðið, meira eða minna af launum mínum. Og sömuleiðis leifi jeg mjer, að tilkinna nefndinni, að jeg á óborgaða skuld, af því fje, sem jeg fjekk til styrktar, til náms míns.

5. april 1909.

Geðveikrahælinu Kleppi

Virðingarfyllst

Þ. J. Einarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

35.

Eptir að hafa sjeð, niðurjöfnunarskrána, hefi jeg veitt því eptirtekt, að útsvar mitt, saman borið við hjúkrunarnemann í Laugarnesi, sem ekkert hefur verið lagt á. Er þessu en svo, að jeg geti gjört mig ánægða með það, þegar til þess er litið, að jeg er að eins hjúkrunarnemi hjer.

Þá vonast jeg til, að hin heiðraða nefnd sjái, að þetta er ekki samgjarnt. Og krafa min er, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lækkað um helming.
Til stuðnings þessari kröfu minni, leyfi jeg mjer að skýra nemdinni frá, að jeg er mjög heilsu lítil. 5. april 1909.
Geðveikrahælinu Kleppi
Virðingarfyllst
Margrjet Guðmundsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur